



STÓRSTÚKA ÍSLANDS

(GRAND LODGE OF ICELAND)

EIRÍKSGÖTU 5 • 105 REYKJAVÍK • Sími 551 7594 • FAX 551 0248



Alþingi
Erindi nr. P 122/1600

Reykjavík 27. mars 1998


komudagur 30.3.198

Allsherjarnefnd Alþingis,
Þórshamri,
150 Reykjavík.

Samkvæmt ósk háttvirtrar Allsherjarnefndar um umsögn Stórstúku Íslands um „Frumvarp til áfengislaga“ 478. mál, heildarlög, leyfir Framkvæmdanefnd Stórstúkunnar sér að benda á eftirfarandi atriði, um leið og hún fer þess vinsamlega á leit að eiga viðræður við háttvirta Allsherjarnefnd áður en frumvarpið verður endanlega afgreitt.

1. Fyrstu greinina teljum við forkastanlega og óhafandi. „Hólfsemd“ er gjörsamlega óskilgreint hugtak.
2. Við teljum að framleiðsla áfengis, innflutningur í atvinnuskyni og sala í heildsölu eigi ekki að færast í hendur ríkislögreglustjóra, heldur eigi hún að vera áfram í höndum fjármálaráðherra, sem hefir það vald samkv. núgildandi lögum.
Þetta vald álitum við langtum betur komið í höndum framkvæmdavaldsins sjálfs, sem ber ábyrgð gagnvart Alþingi, en að þar sé um að ræða verkefni embættismanns.
3. Óæskilegt teljum við að sveitastjórnir veiti heimild til rekstrar áfengisútsölu og leyfi til áfengisveitinga. Þar er t. d. mjög líklegt að kunningssskapur o.m.fl. gæti haft harla óæskileg áhrif í átt til aukinnar meðferðar áfengis.
4. Þá teljum við vægast sagt varhugavert að afnema lokun áfengisútsöluenda eftir hádegi á laugardögum og á aðfangadögum stórhátíða (sbr. 12. gr.). Kunnugt er, að á þessum tímum kaupa þeir einmitt helst áfengi sem síst skyldi. Sú staðhæfing er studd traustum rannsóknum.
5. Nauðsynlegt teljum við að tekið sé fram, að skilyrði leyfis til áfengisveitinga sé það, að hlutaðeigandi veitingahús séu 1. flokks, svo sem krafist hefir verið í lögum fram til þessa.
6. Vísan til 24. gr. um afturköllun leyfa vantar í V. kafla.
7. Þá teljum við óæskilegt og óeðlilegt, miðað við fengna reynslu, að afnumið verði sérákvæði í 12. gr. gildandi áfengislaga um eftirlit með áfengisveitingahúsum (sbr. athugasemdir við V. kafla í Frumvarpi til áfengislaga).
8. Að lokum teljum við að herða þurfi á banni við áfengisauglýsingum og hafa þar skýrara og markvissara orðalag en fram er tekið í 20. gr. V. kafla frumvarpsins.
9. Þó að margt fleira mætti gagnrýna í umræddu frumvarpi, þá er það álit okkar að þegar á heildina er litið, að flestir þættir þess gætu leitt til jákvæðrar niðurstöðu.

Virðingarfyllst


Björn Jónsson
Stórtemplar